

Alþingi
Erindi nr. P 126/1072
komudagur 23.1.2001

Menntamálanefnd Alþingis
Sigríður A. Þórðardóttir
formaður
Alþingi v. Kirkjustræti
101 Reykjavík

Umsögn um:

- frumvarp til þjóðminjalaga, þingskjal 237 - 223. mál
- X frumvarp til safnalaga, þingskjal 238 - 224. mál
- frumvarp til laga um húsafriðun, þingskjal 239 - 225. mál á 126. löggjafarþingi 2000-2001.

Frá starfsmönnum Árbæjarsafns

Reykjavík 14.1. 2001

Undirritaðir starfsmenn Árbæjarsafns álítum að umrædd frumvörp verði ekki minjavörslunni og safnastarfi til heilla. Þau séu óskýr, ómarkviss, fljótfærnisleg og án samræmis. Að auki teljum við rangt að gera það að markmiði nýrra þjóðminjalaga að færa svo mikið vald á eina hendi, þ.e. embætti þjóðminjavarðar, sem gert er í frumvarpinu. Því teljum við farsælast að frumvörpin verði dregin til baka og núverandi þjóðminjalög verði látin gilda áfram um sinn.

Við viljum vekja athygli á félagsfundi Félags íslenskra safnmanna sem haldinn var um frumvörpin 5. janúar 2001. Hann sótti tæplega helmingur félagsmanna þrátt fyrir að við séum dreifð um allt land. 22 menn tóku til máls og gagnrýndu nær allir frumvörpin á mjög málefnalegan hátt og réttmætan að okkar mati. Útdráttur þeirrar gagnrýni fylgir hér með á sérblaði, skráður af fundarstjóra.

Við erum engan veginn andvíg nýjum lögum en þau þurfa að horfa til framfara.

Virðingarfyllst,

Helgi M. Sigurðsson
Náttúrufræðingur
Dagur Gudmundsd. Þór
Ólafur Þ. Þórðardóttir
Vís. Ólafur Gunnarsson
Kristinn Ó. Gunnarsson

Anna Lís Þorunn
Ólafur Þórðardóttir
Ólafur Þórðardóttir
Ólafur Þórðardóttir
Ólafur Þórðardóttir
Ólafur Þórðardóttir
Ólafur Þórðardóttir

Stutt samantekt um fund í Félagi íslenskra safnmanna 5. janúar 2001 í Norræna húsinu

Á dagskrá fundarins voru umræður um frumvörp til þjóðminjalaga, safnalaga, húsafriðunarlaga og laga um flutning menningarverðmæta. Fundurinn var haldinn í beinu framhaldi af kynningarfundum þjóðminjasafnsins um sama efni. Á fundinum kom fram mikil gagnrýni á frumvörpin og tel ég rétt að gera, í stikkorðaðformi, grein fyrir þeim skoðunum sem mér fannst koma fram í umræðunni.

Þjóðminjalögin

Það vantar grundvallarmarkmið laganna.

Í grundvallaratriðum er frumvarpið um þjóðminjalög afturhvarf til laganna frá 1907, þar sem þjóðminjavörður er gerður einvaldur.

Með lögnum er horfið frá valddreifingu en embættismannavald aukið á ný. Slikt samrýmist ekki nútíma stjórnunarháttum.

Óeðlilega oft og víða er fjallað um leyfisveitingar til fornleifarannsókna.

Óeðlilega mikil áhersla lögð er á fornleifafræði í verkefnum og menntun þjóðminjavarðar.

Lögin bjóða heim hættu á hagsmunaárekstrum, þar sem þjóðminjavörður á að veita leyfi til fornleifarannsókna og úthluta jafnframt fjármunum vegna þeirra.

Grein um neyðarrannsóknir er óraunhæf. Þær eru ekki einfaldar né skjóttunnar.

Þjóðminjasafnið og stjórnsýsluna þarf að aðgreina.

Þjóðminjasafnið ætti að fá fullt frelsi, eins og önnur höfuðsöfn.

Þjóðminjasafnið getur betur sinnt minjavörslu og rannsóknum ef það losnar við stjórnsýsluvafstur.

Það þarf að skilja að minjapáttinn og safnapáttinn.

Óljóst hvað er hús og hvað er forngripur.

Ekki er samhæfður skilningur hvað eru þjóðminjar.

Starfsemi manna og stofnana stangast víða á.

Þjóðminjavörður, safnstjóri þjóðminjasafns og þjóðminjaráð eiga öll að marka stefnu og aðstoða byggðasöfnin.

Það er vanvirðing við alþingi og okkur að leggja frumvörpin fram eins og þau eru, illa unnin með ógrynni af villum.

Það þarf að skilgreina betur þjóðminjavörð.

Minjaverðir ættu að vera starfsmenn sveitafélaganna.

Ekkert er fjallað um sérsöfn, td. Rafmagnsveitusafn, tækniminjasafn osfrv.

Af hverju er döttin út úr lögnum setningin: *Í Reykjavík fer borgarminjavörður með minjavörslu.*

Það vantar samtímasýn. Megináhersla er lögð á landbúnaðarsamfélag 19. aldar og kirkjugripí. Bent var á að minjavarslan er þverfagleg vinna. Skv. lagafrumvarpinu mun þetta hvíla um of á einni vísindagrein, fornleifafræði.

Er það ekki í ósamræmi við stjórnsýslulög að þjóðminjavörður geti skipað minjaverði án þess að auglýsa stöðurnar?

Getur það gengið að þjóðminjavörður skipi safnstjóra, sem er starfsmaður sveitarfélags til að vera minjavörður í vinnu hjá ríkinu?

Safnalögin

Ekki er tekið tillit til breyttra aðstæðna í minjavörslunni.

Skilgreining á hvað er safn er of þröng.

Skilgreining á hvað er safn þarf að vera skýrari.

Það er þversögn að safnaráði er annarsvegjar ætlað að marka stefnuna í safnamálum en jafnframt er tekið fram að ekki sé ætlast til að það hafi mikið hlutverk.

Ekkert er kveðið á um hvernig tengslum safnaráðs við söfnin verði háttáð.

Spurt var: Safnstjóri – Þjóðminjavörður – Hver er hvað?

Bent var á að áður var skylt að skipa minjaverði, nú verður það heimilt.

Eru hús ekki menningarverðmæti? Húsakannanir virðast vera úti úr starfsemi minjasafnanna, það er vanvirðing við þá sem vinna að húsaveirnd.

Samskipti ríkis og sveitafélaga eru í lausu lofti.

Hvergi er að sjá í frumvörpunum kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitafélaga.

Athygli var vakin á að kirkjur eru friðaðar en inni í þeim eru ófriðaðir gripir.

Óeðlilegt er að undanskilja náttúrufræðisafn.

Vantar að tekið sé fram í lögnum að söfn skulu ekki vera rekin í gróðaskyni.

Ekki er tekið á þeim vanda að flestar fornleifar eru eyðilagðar af bændum. Það er enginn sem passar upp á að forngripir og minjar séu ekki skemmdar. Þjóðminjaverði eru ekki gefin nein úrræði.

Húsafriðunarlögin

Húsafriðun- vernd er tekin út úr minjavörslunni.

Gott að húsafriðun verður sjálfstæðari en áður.

Nú verður hægt að vernda heilu hverfin, svæðin, án þess að friða einstök hús.

Hvar mættast húsafriðun skv. húsafriðunarlögum og húsasafn Þjóðminjasafnsins?

Það þarf að setja inn (leiðrétt) tengsl minjavörslunnar og húsafriðunar.

Vantar ákvæði um faglega þekkingu nefndarmanna.

Í húsafriðunarlögnum er ekki gerður greinamunur á friðun og friðlýsingu.

Húsafriðun á samleið með minjavörslunni.

Útflutningur menningarminja

Ekkert er hægt að gera til að hindra flutning listaverka úr landi. Td. getur hver sem á 100 ára gamalt málverk eftir Þórarín B. Þorláksson selt það og flutt úr landi án þess að gera neinum nokkra grein fyrir því.

Einhver hélt því fram að þetta væri ekki rétt.

Tillögur

Á fundinum komu fram þrjár tillögur, efnislega á þessa leið:

1. Að stjórninni yrði falið að koma á framfæri við Alþingi skoðunum félagsins á frumvörpunum, byggðum á þeim umræðum sem voru á fundinum.
2. Þrír tilteknir félagsmenn yrðu kosnir með stjórninni til að gera þennan útdrátt.
3. Þrír í viðbót yrðu kosnir til að hjálpa stjórninni og hinum fyrri þremur við að semja útdráttinn.

Fundarstjóri lagði til að tillögur 2 og 3 yrðu ekki teknar til greina og var það samþykkt.

Þá var tillaga númer 1 borin undir atkvæði og var hún samþykkt.

Þessi tóku til máls:

Áslaug Sverrisdóttir
Árni Björnsson
Björn Pétursson
Dagný Guðmundsdóttir
Elsa Guðjónsson
Gerður Róbertsdóttir
Guðni Halldórsson
Guðný Gerður Guðmundsdóttir
Guðmundur Ólafsson
Guðrún Harðardóttir
Helgi M. Sigurðsson
Júliana Gottskálsdóttir
Kristín Huld Sigurðardóttir
Lilja Árnadóttir
Magnús Skúlason
Margrét Hallgrímsdóttir
Nikulás Úlfar Mátsson
Orri Vésteinsson
Sigrún Ásta Jónsdóttir
Þór Magnússon
Þóra Kristjánsdóttir
Fleiri báru fram fyrirspurnir og gerðu stuttar athugaemdir.

Örn Erlendsson, fundarstjóri.